

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 876/2004

2011/EES/68/46

frá 29. apríl 2004

um breytingu á VIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar viðskipti með sauðfé og geitur til undaneldis (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrömnunar ⁽¹⁾, einkum fyrstu málsgrein 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um skilyrði fyrir viðskipti innan Bandalagsins með sauðfé og geitur til undaneldis.
- 2) Reglugerð 999/2001 er breytt með reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 260/2003 ⁽²⁾ og 1915/2003 ⁽³⁾ til að innleiða niðurskurðarráðstafanir vegna bújarða, þar sem riðuveikismit hefur komið upp, og til að breyta skilyrðum fyrir viðskipti vegna sauðfjár til undaneldis þannig að viðskipti með sauðfé af prionprótínarfgerð ARR/ARR séu ekki háð takmörkunum.
- 3) Breyta skal kröfum um vöktun á bújörðum, sem vilja stunda viðskipti innan Bandalagsins með sauðfé og geitur til undaneldis, til að endurspegla enn öflugri nálgun sem verið er að taka upp til að útrýma riðuveiki. Takmarkanir á komu dýra á þessar bújarðir skulu ekki lengur ná til sauðfjár af prionprótínarfgerð ARR/ARR.

4) Nýju ákvæðin skulu innleidd í tveimur áföngum til að auðvelda aukið eftirlit til skamms tíma og jafnframt koma í veg fyrir röskun á viðskiptum.

5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2004.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. apríl 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 162, 30.4.2004, bls.52. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2006 frá 28. apríl 2006 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 34, 29.6.2006, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1. Síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2245/2003 (Stjtið. ESB L 333, 20.12.2003, bls. 28).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 7.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 283, 31.10.2003, bls. 29.

VIÐAUKI

Í stað a-liðar I. hluta í kafla A í VIII. viðauka komi eftirfarandi:

„a) sauðfé og geitur til undaneldis skulu annaðhvort vera sauðfé af prionprótínarfgerð ARR/ARR, eins og skilgreint er í I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/1003/EB (1), eða hafa verið haldin samfellt frá fæðingu eða næstliðin þrjú ár á bújörð eða bújörðum sem hafa uppfyllt eftirtaldar kröfur í a.m.k. þrjú ár:

i. til 30. júní 2007:

- bújörðin heyrir undir reglubundið, opinbert heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum,
- dýrin eru auðkennd,
- ekkert riðuveikilvik hefur verið staðfest,
- þar fer fram eftirlit með töku sýna úr gömlum kvendýrum sem á að aflífa,
- einungis er komið með kvendýr, að frátöldu sauðfé af prionprótínarfgerð ARR/ARR, inn á bújörðina ef þau koma frá bújörð sem uppfyllir sömu kröfur.

Eigi síðar en frá 1. júlí 2004 skal bújörðin eða bújarðirnar byrja að uppfylla eftirfarandi viðbótarkröfur:

- öll dýr, sem um getur í 3. lið II. hluta kafla A í III. viðauka sem eru eldri en 18 mánaða og hafa drepist eða verið aflífuð á bújörðinni, skulu rannsökuð með tilliti til riðuveiki í samræmi við rannsóknarstofuaðferðirnar sem mælt er fyrir um í b-lið liðar 3.2 í kafla C í X. viðauka og
- einungis skal koma með sauðfé og geitur, að frátöldu sauðfé af prionprótínarfgerð ARR/ARR, inn á bújörðina ef þau koma frá bújörð sem uppfyllir sömu kröfur.

ii. frá 1. júlí 2007:

- bújörðin heyrir undir reglubundið, opinbert heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum,
- dýrin eru auðkennd í samræmi við löggjöf Bandalagsins,
- ekkert riðuveikilvik hefur verið staðfest,
- öll dýr, sem um getur í 3. lið II. hluta kafla A í III. viðauka sem eru eldri en 18 mánaða og hafa drepist eða verið aflífuð á bújörðinni, hafa verið rannsökuð með tilliti til riðuveiki í samræmi við rannsóknarstofuaðferðirnar sem mælt er fyrir um í b-lið liðar 3.2 í kafla C í X. viðauka,
- einungis er komið með sauðfé og geitur, að frátöldu sauðfé af prionprótínarfgerð ARR/ARR, inn á bújörðina ef þau koma frá bújörð sem uppfyllir sömu kröfur.

Ef ætlunin er að senda þau til aðildarríkis sem nýtur góðs af ákvæðunum, sem mælt er fyrir um í b- eða c-lið, á öllu yfirráðasvæði sínu eða hluta þess, skulu sauðfé og geitur til undaneldis samrýmast viðbótarábyrgðunum, almennum eða sérstökum, sem hafa verið skilgreindar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr.“

(¹) Stjtið. EB L 349, 24.12.2002, bls. 105.